

Fimmtudaginn 17. maí 2018.

Nr. 601/2017.

**Ferðapjónusta og sumarhús ehf.**

(Skúli Bjarnason lögmaður)

**gegn**

**György Evetovics**

(Eva B. Helgadóttir lögmaður)

Ráðningarsamningur. Vinnulaun.

*G höfðaði mál gegn F ehf. til heimtu launa sem hann taldi sig eiga inni hjá félaginu. Í ráðningarsamningi milli G og F ehf. var kveðið á um tiltekið tímakaup og var útreikningur kröfu G byggður á tímaskráningum hans sjálfs. F ehf. hélt því fram í málinu að skráningin væri röng og vinnuframlag G samkvæmt henni ósannað. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var af Hæstarétti með vísan til forsendna hans, kom fram að tímaskráningar G væru handskráðar samtímaheimildir. Hefði F ehf. ekki lagt fram neina aðra tímaskráningu en honum hefði verið í lófa lagið að tryggja sér sönnun um vinnuframlag G með því að skrá vinnu hans með stimpilklukku eða yfirfara tímaskráningu hans jafnóðum. Yrði því að leggja tímaskráningu G til grundvallar við úrlausn málsins enda ekki við annað að styðjast og ekkert fram komið sem rýrði trúverðugleika þeirrar skráningar. Var F ehf. því gert að greiða G umkrafaða fjárhæð.*

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari, Garðar Gíslason settur hæstaréttardómari og Ingimundur Einarsson héraðsdómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 22. september 2017. Hann krefst aðallega sýknu af kröfu stefnda, en til vara að fjárhæð hennar verði lækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Áfrýjanda verður gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti eins og í dómsorði greinir, en við ákvörðun hans er tekið tillit til þess að mál þetta hefur verið rekið samhliða öðru samkynja máli.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ferðapjónusta og sumarhús ehf., greiði stefnda, György Evetovics, 500.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. júní sl. er höfðað með stefnu birtri 14. júní 2016.

Stefnandi er Gyorgy Evetovics, kt. [...], Ungverjalandi.

Stefndi er Ferðapjónusta og sumarhús ehf., kt. 711001-2630, Hörgslandi 1, Kirkjubæjarklaustri. Fyrirsvarsmaður stefnda er Ragnar B. Johansen, kt. [...], stjórnarmaður, Hörgslandi 1, Kirkjubæjarklaustri.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð 1.955.996 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 41.354 kr. frá 1. mars 2015 til 1. apríl 2015, þá af 228.028 kr. frá þeim degi til 1. maí 2015, af 518.426 kr. frá þeim degi til 1. júní 2015, af 1.325.974 kr. frá þeim degi til 1. júlí 2015, af 1.921.925 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og loks af 1.955.996 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefnda.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en þær ella lækkaðar verulega. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda. Upphaflega gerði stefndi kröfu um skuldajöfnuð skv. 28. gr. laga nr. 91/1991 en frá því var fallið við aðalmeðferð. Við endurflutning vildi stefndi endurvekja þá kröfu.

Við aðalmeðferð gaf stefnandi skýrslu, sem og áður greindur fyrirvarsmaður stefnda. Þá gáfu vitnaskýrslur Zsuzsanna Aleksic fyrrverandi starfsmaður stefnda og stefnandi í sambærilegu máli gegn stefnda, Guðrún Elín Pálsdóttir formaður Verkalýðsfélags Suðurlands, Þorvaldur Kári Þorsteinsson endurskoðandi stefnda, Sveinbjörn Sveinsson fyrrum starfsmaður stefnda, og Tamita Loise Olayvar fósturdóttir fyrirvarsmanns stefnda.

Aðalmeðferð málsins fór fram 24. mars 2017 en varð ekki dæmt innan tímamarka 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og var munnlegur málflutningur endurtekinn 14. júní sl. og málið þá dómtekið á ný.

### **Málavextir**

Stefndi rekur ferðapjónustu og var stefnandi, sem er ungerskur ríkisborgari, starfsmaður hjá honum hluta ársins 2015. Aðilar eru sammála um að starfið hafi byrjað í febrúarmánuði og lokið í júlí sama ár.

Fram hefur verið lagt afrit af ráðningarsamningi milli aðila, gerður á eyðublaði frá Vinnumálastofnun. Segir þar að stefnandi sé ráðinn til starfa hjá stefnda með starfsheitið verkamaður, í fullt 100% starf og dagvinnu. Skuli laun fara samkvæmt kjarasamningi og greiðist 1.380 kr. á tímann. Laun skuli greidd mánaðarlega. Segir jafnframt að ráðningartími sé tímabundinn, en ekkert segir þó um hvenær ráðningu skuli ljúka. Þá segir um áunnin réttindi skv. kjarasamningi að þau miðist við fyrri ráðningu 24. febrúar 2015. Greiða skuli í Lífeyrissjóð Rangæinga og er Verkalýðsfélag Suðurlands tilgreint sem stéttarfélag. Ráðningarsamningurinn er dagsettur 20. júní 2015.

Þá hefur líka verið lagður fram ráðningarsamningur milli aðila, bæði á íslensku og ensku. Eru báðar útgáfurnar ódagsettar og virðast heimatilbúnar, en ekki gerðar á sérstöku eyðublaði. Í ensku útgáfunni, sem er undirrituð af báðum aðilum, segir að mánaðarlaun séu 376.614 kr. og 1.380 kr. á dagvinnutímann, en 2.484 kr. fyrir eftirvinnutíma. Fullt dagsverk sé reiknað áður en komi til þess að eftirvinna sé reiknuð. Starfsmaðurinn taki á sig að kaupa mat fyrir 25.000 kr. á mánuði og teljist það til launa. Ef starfsmaðurinn kaupir meira en fyrir 25.000 kr. á mánuði þá greiði hann það sjálfur.

Dagvinnutími sé frá kl. 07.00 til 18:00 en ekki meira en 8 stundir á dag og sé ein stund til hádegisverðar. Starfsmaðurinn hafi fría gistingu, rafmagn, morgunmat og kvöldmat ef hann vinni og aðstoði í veitingastað. Starfsmaðurinn hafi óskað eftir að hætta starfinu 24. júlí 2015 og skipti ekki máli hvort hann hafi unnið uppsagnarfrest. Í íslensku útgáfunni segir ámóta auk þess að frítt húsnæði og rafmagn teljist til launa. Er þessi útgáfa aðeins undirrituð af stefnda, en undir er samkomulag um starfslok þar sem segir að stefnandi hafi ákveðið að hætta störfum 24. júlí 2015 og hafi unnið uppsagnarfrest skv. samkomulagi og er það undirritað af stefnanda. Er í samningi þessum hvorki vísað til kjarasamnings né verkalýðsfélags og ekkert segir um hvert starfið er.

Fyrir liggur að eftir starfslok leitaði stefnandi til Verkalýðsfélags Suðurlands og hafði uppi athugasemdir um launagreiðslur til sín. Í framhaldi af því krafði verkalýðsfélagið stefnda um ógreidd laun stefnanda með bréfi 22. september 2015 og var krafan 1.938.729 kr.

Stefndi hefur hafnað greiðsluskyldu.

Í málinu hefur verið lagt fram í frumriti handskrifað yfirlit stefnanda sjálfs yfir unnar stundir sínar á hverjum degi frá 24. febrúar 2015 til 24. júlí 2015 þegar hann lauk störfum. Eru kröfur stefnanda og útreikningur þeirra byggðar á skjali þessu. Ekki liggur fyrir í málinu önnur skráning á vinnu stefnanda.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

Stefnandi kveðst byggja á kjarasamningi Starfsgreinasambands Íslands vegna Vlf. Suðurlands m.a. og Samtaka atvinnulífsins vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi sem hann kveður marka grundvöll ráðningarsambands aðila og réttar stefnanda til endurgjalds fyrir vinnu sína í þágu stefnda.

Kveður stefnandi að nefndur kjarasamningur eigi við um þau störf sem stefnandi hafi innt af hendi og hafi því að geyma þau lágmarkskjör sem um þau gildi, sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Þá byggir stefnandi og á því að allan óskýrleika á inntaki ráðningarsamnings aðila beri að túlka stefnanda í hag sbr. gr. 1.15 í kjarasamningi, sbr. auglýsingu nr. 503 frá 1997 um gildistöku tilskipunar Evrópusambandsins nr. 91/533/EBE um skyldu vinnuveitanda til að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrrikomulagi, en láti atvinnurekandi það undir höfuð leggjast beri hann hallann af skorti á sönnun í því efni.

Jafnframt kveðst stefnandi reisa kröfu sína á meginreglu samningaréttar um skyldu til efnda gerðra samninga. Gerður hafi verið skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda í lok júní 2015 og hafi samningurinn verið gerður á eyðublað Vinnumálastofnunar. Þar hafi verið samið um að kaup og kjör stefnanda skyldu vera í samræmi við nefndan kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands vegna Vlf. Suðurlands enda hafi stefnandi verið ráðinn í starf verkamanns og með félagsaðild í Vlf. Suðurlands og sé stefndi bundinn af þeim kjörum sem þar hafi verið samið um. Í því samhengi byggir stefnandi sérstaklega á því að sá samningur sem stefndi hafi útbúið sjálfur og gert stefnanda að undirrita við starfslok, þann 24. júlí 2017, sé ógildur og að engu hafandi. Þar sé um að ræða eftirágering sem stefndi hafi knúið stefnanda til að rita undir en ella fengi hann ekki uppgjör launa við starfslok. Þannig hafi stefnanda verið þröngvað til að rita undir samning um lakari kjör en upphaflegur samningur hafi

gert ráð fyrir og sem hafi verið forsenda ráðningar stefnanda, sem hafi komið hingað gagnert til að sinna vinnu hjá stefnda. Eðli máls samkvæmt hafi stefnanda ekki verið unnt að starfa í samræmi við hinn síðari samning þar sem hann hafi þá þegar innt af hendi þá vinnuskyldu sem honum hafi verið ætlað og raunar langt umfram það. Því verði ekki breytt fyrir liðinn tíma. Síðari samningurinn milli aðila sem gerður hafi verið í tilefni starfsloka stefnanda verði því ekki lagður til grundvallar samningssambandi aðila og beri því að víkja honum í heild, eða að því marki sem hann sé óhagstæður stefnanda, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa enda bersýnlega ósanngjarnt að halda honum upp á stefnanda.

Þá byggir stefnandi auk þess á því að sá samningur sé ógildur með vísan til 31. gr. laga nr. 7/1936, stefnandi hafi verið háður stefnda með þeim hætti að honum hafi verið allar bjargar bannaðar nema fá laun sín greidd úr hendi hans við starfslok, stefnandi hafi haft húsnæði á vegum stefnda og staðið því veglaus í raun í framandi landi. Stefndi hafi þannig haft öll ráð stefnanda í hendi sér, auk þess sem stefnandi hafi ekki þekkt til þeirra reglna vinnuréttar sem gildi hérlandis.

Stefnandi hafi unnið í fullu starfi og vel það. Samkvæmt ráðningarsamningi hafi honum borið að vinna reglulegan vinnudag og beri því að reikna honum laun samkvæmt því. Í því felist að honum hafi borið að fá mánaðarlaun en ekki tímakaupsvinnu þar sem stefnda sé tækt að haga málum svo hann leggi mat á talningu vinnustunda og hagnýti útreikningsviðmið fyrir full laun, 172 stundir, sbr. gr. 1.7 í kjarasamningi áður en til álita komi greiðsla yfirvinnulauna. Slík framsetning sé röng og í ósamræmi við ákvæði kjarasamnings og feli auk þess í sér mikla hættu á misnotkun. Stefndi beri með réttu dagvinnulaun fyrir vinnuframlag á dagvinnutíma og yfirvinnulaun fyrir vinnu sem unnin sé utan þess tímabils, sbr. 2. kafla kjarasamnings. Samkvæmt gr. 2.1.1 sé dagvinnutímabil frá kl. 8-17 mánudaga til föstudaga, en upphaf dagvinnu skuli greina í ráðningarsamningi. Það hafi ekki verið gert í tilviki stefnanda en við útreikninga stéttarfélagsins hafi verið við það miðað að dagvinna hæfist við upphaf tímaskráningar stefnanda og lyki kl. 17:00 en þá tæki við yfirvinnutímabil á degi hverjum. Taki útreikningar stéttarfélagsins á kröfu stefnanda mið af þessu. Stefnandi hafi sjálfur haldið utan um tíma sína, sbr. framlögð handskrifuð yfirlit, en engin stimpilklokka hafi verið á staðnum. Stefndi hafi hvorki mótmælt tímaskráningum stefnanda þrátt fyrir áskoranir þar um né lagt fram aðra tímaskráningu og beri því að miða við skáningu stefnanda í þessu efni.

#### Um launakröfu vegna febrúarmánaðar 2015.

Stefnandi kveðst hafa unnið 46 stundir í febrúar 2015. Þar af hafi 32 stundir fallið á tímabil dagvinnu en 14 stundir á yfirvinnutímabili og miðist útreikningur stéttarfélagsins við það. Stefnandi hafi fengið greiddar 1.380 kr. í tímann í dagvinnu og 2.484 kr. í yfirvinnu úr hendi stefnda sbr. ráðningarsamning og launaseðil og séu það þær fjárhæðir launa sem útreikningurinn byggir á enda hafi stefndi viðurkennt í verki að það skyldi vera kaupgjald stefnanda.

Í samræmi við ofangreint eigi rétt laun stefnanda fyrir dagvinnu í febrúar að vera 44.160 kr. en 34.776 fyrir vinnu unna á yfirvinnutímabili. Laun stefnanda fyrir febrúar skv. framansögðu hefðu því átt að nema 78.936 kr. Á þá fjárhæð hafi borið að reikna orlof 10,17% skv. gr. 5.1 í kjarasamningi eða 8.028 kr. Að því virtu hafi stefnda borið að greiða stefnanda alls 86.934 kr. fyrir vinnu í febrúar en hann hafi hins vegar aðeins greitt 45.610 kr. Vanti því alls 41.354 kr. upp á rétt laun stefnanda fyrir febrúar og sé krafist leiðréttingar á því.

#### Um launakröfu vegna marsmánaðar 2015.

Stefnandi kveðst hafa unnið alla daga marsmánaðar 2015 án þess að fá nokkurn frídag. Stefnandi kveðst hafa unnið alls 278,5 vinnustundir í mars. Þar af 171 stund á tímabili dagvinnu en 107,5 stundir á yfirvinnutímabili og miðist útreikningur stéttarfélagsins við það. Í samræmi við það hafi rétt laun stefnanda fyrir dagvinnu í mars átt að vera 235.980 kr. og 267.030 fyrir vinnu unna á yfirvinnutímabili. Þá skyldi stefnandi hafa 8.280 kr. vegna skerðingar á lágmarkshvöld sbr. gr. 2.4 í kjarasamningi sbr. og 53. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Skv. gr. 2.4 kjarasamningsins skuli haga vinnutíma þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. Verði því við komið skuli dagleg hvíld ná til tímabilsins milli kl. 23:00 til kl. 06:00. Séu starfsmenn beðnir um að mæta til vinnu áður en 11 klst. hvíld er náð sé heimilt að fresta hvíldinni og veita síðar, þannig að frítökuréttur, 1 ½ klst (dagvinna) safnist upp fyrir hverja klst. sem hvíldin skerðist. Í öllum tilvikum sé óheimilt að skerða átta klst. hvíld. Í mars 2015 hafi stefnandi ekki náð 11 stunda hvíldartíma aðfaranoft föstudagsins 6. mars og heldur ekki aðfaranoft föstudagsins 13. og 27. mars. Samtals hafi vantað 4 stundir upp á lögboðna lágmarkshvöld sem margfaldað með 1,5 geri 6 tíma í frítökurétt á dagvinnukaupi sem stefnda hafi borið að gera upp við stefnanda. Þar sem misbrestur hafi orðið á því sé krafist leiðréttingar á því.

Kveður stefnandi að laun hans fyrir marsmánuð hefðu skv. framansögðu átt að nema 511.290 kr. Á þá fjárhæð hafi borið að reikna orlof 10, 17% skv. gr. 5.1 í kjarasamningi eða 51.988 kr. Að því virtu hafi stefnda borið að greiða stefnanda alls 536.288 kr. fyrir mars en hann hafi hins vegar aðeins greitt 376.614 kr. Vanti því alls 186.674 kr. upp á rétt laun stefnanda fyrir marsmánuð og sé krafist leiðréttingar á því.

Kveður stefnandi að kröfur hans um leiðréttingar á launum fyrir aðra mánuði byggji á sömu ákvæðum kjarasamningsins og hér hafi verið gerð grein fyrir eftir atvikum og vísar stefnandi til þeirra í öllum tilvikum.

#### Um launakröfu vegna aprílmánaðar 2015.

Stefnandi kveðst hafa unnið alla daga aprílmánaðar 2015. Þar af 169,5 stundir í dagvinnu. Í aprílmánuði hafi stefnandi unnið á skírdag, fimmtudaginn 2. apríl, föstudaginn langa, 3. apríl, páskadag, 5. apríl, annan í páskum, mánudaginn 6. apríl og sumardaginn fyrsta fimmtudaginn 23. apríl. Samkvæmt gr. 2.3 í kjarasamningi skuli allir þessir dagar vera frídagar launafólks. Beri því að greiða dagvinnulaun fyrir þessa daga falli frídagur á virkan dag, sbr. gr. 1.10 kjarasamnings. Sé unnið á frídegi beri að auki að greiða yfirvinnukaup fyrir unninn tíma, nema skírdag og páskadag en þá daga beri að greiða sérstakt stórhátíðarkaup ofan á dagvinnulaun fyrir vinnu þessa daga, sbr. gr. 1.8.2. Við útreikning á kröfu stefnanda hafi verið tekið tillit til þessa eftir atvikum þannig að auk dagvinnulauna dagana 2., 6. og 23. apríl séu stefnanda reiknaðar samtals 25,5 stundir í yfirvinnu vegna vinnu þá daga. Þá sé stefnanda reiknuð laun fyrir 8 dagvinnustundir auk 7,5 stunda á stórhátíðarkaup vegna vinnu föstudaginn langa og 6,5 stundir á stórhátíðarkaup vegna vinnu á páskadag.

Þá kveðst stefnandi ekki hafa náð lágmarkshvöld í 7 skipti í aprílmánuði. Samtals hafi vantað samanlagt 7 stundir upp á lágmarkshvöld stefnanda þann mánuð. Því hafi borið að reikna stefnanda frítökurétt 7 x 1,5 eða sem nemi 10,5 stundum vegna þessa. Það hafi ekki verið gert og sé því gerð krafa um greiðslu frítökuréttar vegna apríl sem nemi 18.630 kr.

Í samræmi við ofangreint hafi rétt laun stefnanda fyrir apríl átt að vera 233.910 kr. fyrir vinnu unna á dagvinnutímabili en 316.710 kr. fyrir yfirvinnu og 40.329 kr. í stórhátíðarkaup. Þá hafi stefnandi átt að fá greiddar 14.329 kr. vegna skerðingar á lágmarkshvöld (fritökuréttur). Samtals hafi laun stefnanda fyrir apríl því átt að nema 605.439 kr. og á þá fjárhæð hafi borið að reikna orlof 10,17% eða 61.573 kr. Alls hafi því stefnda borið að greiða stefnanda 667.012 kr. fyrir vinnu í apríl en hafi aðeins greitt honum 376.614 kr. Vanti því alls 290.398 kr. upp á rétt laun stefnanda þann mánuð og sé krafist leiðréttingar á því.

#### Um launakröfu vegna maímánaðar 2015.

Stefnandi kveðst hafa fengið frí þann 1. maí en hafa unnið alla aðra daga mánaðarins. Fyrir það vinnuframlag hafi borið að greiða stefnanda sem nemur 155,5 stundum í dagvinnu, 257,5 stundir á yfirvinnulaunum og 14,5 stundir á stórhátíðarkaupi vegna vinnu í þann tíma á hvítasunnudag, sbr. gr. 2.3 í kjarasamningi.

Vinnutími stefnanda í maí hafi orðið til þess að lágmarkshvöld hafi ítrekað verið skert, en stefnandi hafi ekki notið lágmarkshvöldar einn einasta dag í þeim mánuði. Hafi vantað alls 77,5 stundir uppá í þeim efnunum í maí og það x 1,5 veiti stefnanda rétt til fritökuréttar sem nemi 160.425 stundum á dagvinnukaupi.

Í samræmi við ofangreint hafi rétt laun stefnanda fyrir maí átt að vera 227.700 kr. fyrir vinnu unna á dagvinnutímabili en 639.630 fyrir yfirvinnu og 47.095 í stórhátíðarkaup. Þá hafi stefnandi átt að hafa 160.425 kr. vegna skerðingar á lágmarkshvöld. Laun stefnanda fyrir maí skv. framansögðu hefðu því átt að nema 1.074.850 kr. Á þá fjárhæð hafi borið að reikna orlof 10,17%, 109.312 kr. Að því virtu hafi stefnda borið að greiða stefnanda alls 1.184.162 kr. fyrir vinnu í maí en hafi aðeins greitt 376.614 kr. Vanti því 807.548 kr. upp á rétt laun stefnanda þann mánuð og sé krafist leiðréttingar á því.

#### Um launakröfu vegna júnímánaðar 2015.

Stefnandi kveðst hafa fengið frí þann 17. júní 2015, en hafa unnið alla aðra daga mánaðarins. Fyrir það vinnuframlag hefði átt að greiða honum sem nemur 155 stundum í dagvinnu og 224 stundir á yfirvinnulaunum.

Lágmarkshvöld stefnanda í júní hafi sætt skerðingu á hverjum degi, en samtals hafi vantað 61 stund uppá í þeim efnunum í júní sem x 1,5 veiti stefnanda rétt til fritökuréttar sem nemi 91,5 stundum á dagvinnukaupi.

Í samræmi við ofangreint hefðu rétt laun stefnanda fyrir júní átt að vera 200.100 kr. fyrir vinnu unna á dagvinnutímabili en 556.416 kr. fyrir yfirvinnu. Þá hefði stefnandi átt að hafa 126.270 kr. vegna skerðingar á lágmarkshvöld. Laun stefnanda fyrir júní skv. framansögðu hefðu því átt að nema 882.786 kr. Á þá fjárhæð hafi borið að reikna orlof 10,17%, 89.779 kr. Að því virtu hafi stefnda borið að greiða stefnanda alls 972.565 kr. fyrir vinnu í júní en hafi greitt aðeins 376.614 kr. Vanti því 595.951 kr. upp á rétt laun stefnanda þann mánuð og sé krafist leiðréttingar á því.

#### Um launakröfu vegna júlímánaðar 2015.

Stefnandi kveðst hafa unnið frá 1. til 21. júlí í þágu stefnda en þá hafi orðið samkomulag um starfslok hans. Stefnandi hafi fengið frí dagana 14. og 15. júlí en unnið aðra daga á fyrrgreindu tímabili. Vinnuframlag stefnanda þann tíma hafi verið þannig að fyrir það hafi borið að greiða 91 stund í dagvinnu og 67 stundir á yfirvinnulaunum. Lágmarkshvöld stefnanda í júlí hafi sætt skerðingu þannig

að upp á hana hafi vantað á tímabilinu frá 1. til 5. júlí samtals 13 stundir sem x 1,5 veiti stefnanda rétt til frítökuréttar sem nemi 19,5 stundum á dagvinnukaupi.

Í samræmi við ofangreint hafi rétt laun stefnanda fyrir júlí átt að vera 125.580 kr. fyrir vinnu unna á dagvinnutímabili en 166.428 kr. fyrir yfirvinnu. Þá hafi stefnandi átt að hafa 26.910 kr. vegna skerðingar á lágmarkshvöld. Laun stefnanda fyrir júlí skv. framansögðu hafi því átt að nema 318.918 kr. Á þá fjárhæð hafi borið að reikna orlof 10,17%, 32.434 kr.

Þá hafi stefnda ennfremur borið, skv. gr. 1.5 í kjarasamningi, að gera upp við stefnanda áunninn rétt til orlofs- og desemberuppbótar við starfslok. Full desemberuppbót með gjalddaga endranær 2015 hafi átt að nema 78.000 kr. Fullt starf í því sambandi teljist vera 45 vikur en áunna desemberuppbót beri að gera upp við starfslok verði þau fyrir gjalddaga, sbr. gr. 1.4.1 í kjarasamningi. Stefnandi hafi unnið 22 vikur hjá stefnda er starfslok hafi orðið og því hafi borið að greiða 22/45 uppbótarinnar eða 38.133 kr. og sé krafist leiðréttingar á því.

Á sama hátt hafi stefnda borið að greiða stefnanda orlofsuppbót við starfslok, sbr. gr. 1.4.2 í kjarasamningi. Við útreikning hennar hafi verið við það miðað að full orlofsuppbót með gjalddaga endranær 1. júní 2015 hefði numið 42.000 kr. og reiknist því stefnanda 10/45 þeirrar fjárhæðar í orlofsuppbót fyrir tímabilið frá 20. mars til 30. apríl, eða 9.333 kr. og því til viðbótar 12/45 orlofsuppbótar með gjalddaga árið 2016 sem þá hafi átt að nema 44.500 kr. Af þeirri fjárhæð hafi stefnandi við starfslok unnið sér rétt til greiðslu 11.867 kr. Samtals hafi stefnda því borið að greiða stefnanda 21.200 kr. í uppgjör orlofsuppbótar við starfslok, sem ekki hafi verið gert og sé krafist leiðréttingar á því.

Í samræmi við ofangreint hafi heildarlaun stefnanda fyrir júlí átt að vera 410.685 kr. en numið aðeins 376.614 kr. Vanti því 34.071 kr. uppá réttar efndir í því efni og sé krafist leiðréttingar á því.

Stefnandi kveðst mótmæla sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum stefnda um að stefnandi hafi fengið greidd margföld verkamannalaun fyrir vinnu sína og notið hlunninda í starfi. Þvert á móti hafi vantað verulega upp á laun stefnanda sé litið til lágmarkskjara samkvæmt gildandi kjarasamningum og lögum, m.a. hvað varði lágmarkshvöldartíma. Þannig hafi stefnandi t.d. aldrei notið vikulegs frídags, sbr. gr. 2.4.3 í kjarasamningi. Í þessu efni beri sérstaklega að vekja athygli á því að stefndi hafi reiknað stefnanda til tekna 25.000 kr. vegna fæðis sem hann hafi einnig dregið af launum hans. Hafi verið litið til þeirra greiðslna sem launa við kröfugerð þessa þrátt fyrir að stefnda hafi borið að sjá stefnanda fyrir endurgjaldslausu fæði í vinnutíma, sbr. gr. 4.5.1 í kjarasamningi. Það að stefndi hafi látið stefnanda í té húsnæði hafi ekki stafað af öðru en þörf stefnda fyrir nærveru stefnanda allan sólarhringinn, að hann væri til taks. Að auki hafi aldrei verið um það samið að stefnandi hefði kostnað sem næmi launum hans til frádráttar af því að gista í húsnæði á vegum stefnda. Hefði það legið fyrir fyrirfram hefði stefnandi verið tækt að taka afstöðu til þess hvort hann sætti sig við slík kjör en jafnframt gefið honum tækifæri til að kanna möguleika á öðru húsnæði í hentugri fjarlægð svo stefnanda væri tækt að hafa næði í þeim mæli að lögboðinni lágmarkshvöld yrði mögulega náð. Kröfugerð stefnanda sé því í öllum atriðum hógvær og aðeins í samræmi við lágmarkskjör og sé í því sambandi vísað til 1. mgr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Um lagarök kveðst stefnandi vísa til meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda samninga og vinnuréttar um réttar efndir ráðningarsamninga. Þá er og vísað til laga nr. 55/1980, laga nr. 28/1938 um greiðslu verkkaups, laga nr. 30/1987 um orlof og laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur sem og laga nr. 46/1980 um aðbúnað öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Kröfur um vexti og vaxtavexti styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafa stefnanda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattskyldur og beri honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda**

Af greinargerð stefnda verður ráðið að hann telji kröfur stefnanda rangar og ósannaðar. Kröfum hafi verið beint að honum af hálfu Verkalýðsfélags Suðurlands vegna stefnanda á fyrri stigum, án þess að þeim fylgdu gögn og útreikningar. Engin tilraun hafi verið gerð til að upplýsa stefnda um rök fyrir hinum miklu kröfum sem fram hafi verið settar á hendur honum heldur greiðslu krafist.

Stefndi mótmælir sem órökstuddum, ósönnuðum og röngum framlögðum tímaskriftum stefnanda sem hafi verið settar fram löngu eftir starfslok hans. Séu þær staðlausir stafir, ósannaðir og að engu hafandi.

Vegna þessa vísar stefndi til samantektar endurskoðanda síns, sem jafnframt hafi annast bókhald félagsins, launauppgjör ofl. Samantektin feli í sér upplýsingar úr bókhaldi um starfsemina og mönnun á þeim tíma sem stefnandi hafi verið við störf hjá stefnda. Stefndi kveður þessa samantekt skýra vel þann óraunveruleika sem í kröfum stefnanda felist.

Illa og ólæsilegar tímaskriftir stefnanda, fyrst kynntar stefnda með framlagningu stefnu, gangi algjörlega á skjön við þessar upplýsingar sem teknar séu að mestu úr bókhaldi stefnda um umfang og eðli rekstursins á þeim tíma sem um ræði sem og starfsumhverfi og starfsskiptingu starfsmanna og skýri í leiðinni hvers vegna stefnandi hafi valið þau starfskjör sem um hafi samist.

Horft á starfslýsingu endurskoðandans og umfang verka og starfssamninga sé ljóst að stefnandi hafi ekki verið illa haldinn með mánaðarlaun og vinnuskylda og vinnutími augljóslega alltaf verið undir umsömdum tímafjölda eins og stefndi hafi ætlað. Með auknum umsvifum þegar hafi vorað, sem raunar hafi verið minni en oft áður hjá stefnda það árið, hafi komið fleira fólk til starfa þannig að álag á starfsfólk sem fyrir var hafi ekki vaxið svo neinu næmi. Að halda öðru fram sé ekki rétt og framkomnar tímaskriftir séu út úr öllu korti, rangar og algjörlega ósannaðar enda sé framsetning þeirra, fyrirvaralaust og seint og um síðir, afar ótrúverðug.

Stefndi kveðst telja uppgjör sitt við stefnanda fullkomlega löglegt og tæmandi enda hafi aðilar samið með þessum hætti og gert upp sín á milli án athugasemda eða fyrirvara alla mánuðina sem starfssamningarnir hafi varað, en svo hafi stefnandi birst með milligöngu Verkalýðsfélags Suðurlands og lögmannstofu þess félags, til að hafa uppi fáránlegar kröfur án þess að reyna í neinu að afla sér upplýsinga og skýringa frá forsvarsmanni stefnda.

Ráðningarsamningur aðila sé í málinu bæði á íslensku og ensku og vísar þá stefndi til þess ráðningarsamnings sem gerður var fyrir starfslok stefnanda. Upphaflega hafi samningur aðila miðast við unnar vinnustundir þannig að laun væru kr. 1.380.- á dagvinnustund, en kr. 2.484.- á



yfirvinnustund. Tímakaup sem hafi verið töluvert yfir ákvæðum lánmarkslauna kjarasamnings Verkalýðsfélags Suðurlands eða Starfsgreinasambands Íslands og mánaðarlaun þannig kr. 376.614.-

Í ráðningarsamningnum komi þessar tímakaupsviðmiðanir fram. Þar sé jafnframt tiltekið að atvinnuveitandi taki að sér að kaupa fæði fyrir launþegann að upphæð kr. 25.000.- á mánuði, sem reiknist til launa. Jafnframt segi þar; „Ef atvinnurekandi borgar meira en þetta í fæði skal farið með það á sama hátt“. Þá segi efnislega í hinni ensku útgáfu að launþegar séu undanþegnir greiðslu fyrir húsnæði, rafmagn, morgunverð og kvöldverð ef þeir vinni og hjálpi til á matsölustaðnum.

Fram sé komið að matsölustaðurinn hafi ekki verið ekki í rekstri fyrr en í lok maí utan morgunverðar og það muni starfsmenn hafa nýtt sér, þ.m.t. stefnandi, ásamt með aðgengi til næringar á vegum stefnda á öðrum tímum, þannig að í raun muni stefnandi að mestu hafa fengið bæði fæði og húsnæði úr hendi stefnda auk launauppbótarinnar, 25.000.- kr á mánuði, sem hafi gengið til stefnanda og hún að mestu eða öllu farið í tóbakskaup og aðrar sérþarfir fyrir stefnanda sem stefndi hafi annast, eitthvað sem ekki hafi verið stefnda að leggja stefnanda til.

Með þessum ráðningarsamningi aðila, sem stefndi telji á allan máta löglegan, hafi stefnanda verið tryggðar fastar launageiðslur, að mestu með fullu fæði og húsnæði allt eins og stefnandi hafi óskað eftir og sætt sig við og umsamdar vinnustundir þar á bak við hafi stefndi talið rúmast vel á móti þeim verkefnum sem stefnanda hafi verið ætlað að sinna og sinnt, auk þess sem frítt húsnæði ofl. hafi tekið mið af íhlaupavinnu í veitingahúsi sem lengst af hafi þó ekki reynt á og síðan hlutfallslega lítið, enda ekki opnað fyrr en í lok maí. Með vísan til þessa telur stefndi, fari svo að honum verði að einhverju leyti gert að greiða kröfur stefnanda, að launaígildi þessi séu með því niður fallin og áskilur hann sér þá, sbr. dómkröfu að reikna þessi fríðindi stefnanda til verðs og skuldajafna andviðri þeirra á móti slíkum kröfum stefnanda.

Um ráðningarsamning á eyðublaði Vinnumálastofnunar, sem dagsettur er 20. júní 2015, kveður stefndi að hann hafi verið gerður þegar langt hafi verið liðið á starfstíma stefnanda hjá stefnda. Væntanlega sé orsök þessa seinagangi um að kenna en ekkert í þeim samningi breyti því sem aðilar hafi áður um samið. Alveg frá fyrsta launaseðli fyrir febrúar 2015 hafi stefnandi verið kominn með íslenska kennitölu og öll laun og launatengd gjöld hans hafi jafnóðum verið gerð upp með tilskildum hætti.

Kveðst stefndi gera kröfu um að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að dæmdar kröfur stefnanda á hendur stefnda verði lækkaðar verulega enda eigi a.m.k. stærsti hluti þeirra ekki við rök að styðjast, kröfurnar séu of seint fram komnar, illa unnar og ósannaðar.

Hvernig sem málalok verði kveðst stefndi áréttu kröfu sína um málskostnað sér til handa enda séu kröfur stefnanda og málaferli þessi með eindæmum og borin uppi, með nokkru offorsi, af Verkalýðsfélagi starfssvæðisins sem einhverskonar prófmál um hversu langt verði komist í kröfugerð. Stefnandi kveðst telja að auðvelt hefði verið fyrir verkalýðsfélagið, fyrst það hafi tekið að sér málið með þessum hætti, að afla þeirra upplýsinga sem til hafi þurft svo línur í ágreiningsefninu skýrðust og óbreytt niðurstaða eða einhver leiðrétting, ef rétt teldist, fengi komist að án mikils kostnaðar. Óásættanlegt sé að aðilar með hálfgildings sjálfþökurétt eins og verkalýðsfélög komist upp með að setja mál á spil með þessum hætti og bera ekki ábyrgð á þeim kostnaði sem af hljótist sér í lagi þegar í hlut eiga óþekktir erlendir aðilar svo sem hér sé.

Stefndi vísar máli sínu til stuðnings til meginreglna sammingsréttar sem og vinnuréttar auk annarra þeirra laga og ákvæða sem um starfssamninga og starfskjör fjalla. Þá vísar stefndi til ákvæða laga nr. 91/1991 og um málskostnað til 130. gr. laganna.

#### **Forsendur og niðurstaða**

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um ógreidd laun sem hann kveðst eiga inni hjá stefnda. Hefur stefndi mótmælt þessu og kveður ekkert ógreitt af launum stefnanda.

Hefur stefnandi gert rækilega grein fyrir útreikningi kröfu sinnar og tímaskráningum sínum, sem útreikningurinn byggir á, en ekki er fyrir að fara öðrum tímaskráningum um vinnu stefnanda hjá stefnda.

Er óumdeilt tímagjaldið 1.380 kr. á tímann í dagvinnu og 2.484 í eftirvinnu.

Kjör stefnanda koma fram á ráðningarsamningi á eyðublaði frá Vinnumálastofnun, en undir þann ráðningarsamning var ritað af hálfu beggja sammingsaðila. Segir þar að um sé að ræða fullt 100% starf verkamanns og vísað um kjör til kjarasamnings og tekið fram að stéttarfélag sé Verkalýðsfélag Suðurlands. Seinni ráðningarsamningurinn, sem að ofan greinir, var útbúinn við starfslok stefnanda og var ekki með honum unnt að breyta ráðningargjörum stefnanda afturvirk. Verður alfarið byggt á fyrri ráðningarsamningnum við úrlausn málsins að því leyti sem ráðningarsamningarnir eru ekki samhljóða.

Í greinargerð sinni byggir stefndi á því að eftir starfslok stefnanda hafi stefndi ekki heyrð frekar frá stefnanda fyrir en með bréfi Verkalýðsfélags Suðurlands, þar sem hafðar hafi verið uppi órökstuddar kröfur, en á seinni stigum hafi verið vísað til tímaskrár stefnanda sjálfs. Ekki getur það orðið til þess að fría stefnda af kröfum stefnanda hvernig bréfaskriftir þessar voru milli Verkalýðsfélags Suðurlands og stefnda, enda getur réttur stefnanda til ógreiddra launa ekki ráðist af efni bréfaskriftanna.

Stefndi hefur mótmælt tímaskráningum stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Að mati dómsins er þó ekki við annað að styðjast í þeim efnum. Tímaskráningar stefnanda eru handfærðar samtímaheimildir, en stefndi hefur ekki lagt fram neina aðra tímaskráningu en hann hafði þó öll færi á því að skrá vinnu stefnanda s.s. með stimpilklukku og eða með því að fá hjá stefnanda tímaskráningu jafnóðum. Yfirlit endurskoðanda stefnda, sem unnið er upp úr frásögnum stefnda sjálfs, getur ekki breytt þessu en ekki hafði endurskoðandinn sjálfstæða vitneskju um vinnutíma stefnanda. Þá hefur tímaskráningum stefnanda ekki verið hnekkt með framlögðum gögnum eða skýrslum sem gefnar voru við aðalmeðferð, en þar er annars vegar um að ræða óljósar frásagnir fósturdóttur fyrirvarsmanns stefnda og hins vegar fyrrverandi starfsmanns stefnda, en hvorugt þeirra hafði tímaskráningu starfsmanna með höndum. Verður við úrlausn málsins byggt á tímaskráningum stefnanda sjálfs enda ekki við annað að styðjast og ekkert sérstakt fram komið í málinu sem rýri trúverðugleika þeirrar skráningar. Ber hér að geta þess að fjarri fer því að hinar handskrifuðu tímaskráningar séu ólæsilegar.

Í greinargerð stefnda er ekki byggt á því að rangur kjarasamningur hafi verið notaður við útreikning krafna stefnanda eða að tölulegur útreikningur sé rangur miðað við gefnar forsendur.

Í greinargerð stefnda er vísað til þess að stefndi hafi greitt eða tekið að sér að kaupa fæði fyrir stefnda fyrir 25.000 kr. á mánuði. Engu getur þetta breytt um niðurstöðu málsins en fram hefur komið, m.a. í framburði vitnisins Guðrúnar Elínar Pálsdóttur formanns Verkalýðsfélags Suðurlands sem sá um útreikninginn, að tekið er tillit til þessa við kröfugerð stefnanda.

Þá hefur stefndi vísað til þess að stefnandi hafi tekið athugasemdalaust við launum sínum og ekki haft athugasemdir við uppgjör við starfslok. Fram hefur hins vegar komið að nokkur ágreiningur hafi verið milli stefnanda og stefnda, en einkum hafi það þó verið vegna frídaga sem stefnanda hafi þótt á skorta. Að mati dómsins er ekki hald í þessum vörnum, en fyrir liggur að stefnandi er erlendur maður sem hefur ekki rækilega þekkingu á reglum íslensks vinnuréttar og var mikill aðstöðumunur á aðilum að þessu leyti, en fram hefur komið að strax eftir starfslok óskaði stefnandi liðsinnis við að rétta sinn hlut gagnvart stefnda.

Ekki hefur stefndi fært fram aðrar málsástæður sem geti orðið til þess að sýkna hann af kröfum stefnanda. Eins og að framan greinir vildi stefndi við endurflutning málsins endurvekja kröfu sína um skuldajöfnuð, en hann hafði við aðalmeðferð fallið frá því að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar skv. 28. gr. laga nr. 91/1991. Vil endurflutninginn afhenti lögmaður stefnda dóminum til hliðsjónar handskrifað blað til nánari tölulegrar útskýringar á skuldajafnaðarkröfu sinni. Af hálfu stefnanda var því hafnað að krafa þessi kæmist að í málinu. Með hliðsjón af því að stefndi féll við aðalmeðferð frá skuldajafnaðarkröfu sinni verður henni ekki sinnt frekar, en rétt er þó að geta þess að telja verður að hvort heldur sem er þá hafi ekki verið gerð nein grein fyrir henni fyrr en allt of seint og getur hún því alls ekki komið til álita.

Verður því stefndi dæmdur til að greiða stefnanda hina umkröfu fjárhæð með dráttarvöxtum eins og krafist er, en engin sérstök mótmæli eða málsástæður eru hafðar uppi af hálfu stefnda gegn dráttarvaxtakröfum stefnanda.

Rétt er að stefndi greiði stefnanda málskostnað og er hann hæfilega ákveðinn kr. 1.136.538 og hefur þá verið litið til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **DÓMSORÐ:**

Stefndi, Ferðapjónusta og sumarhús ehf., greiði stefnanda, Gyorgy Evetovics, 1.955.996 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 41.354 kr. frá 1. mars 2015 til 1. apríl 2015, þá af 228.028 kr. frá þeim degi til 1. maí 2015, af 518.426 kr. frá þeim degi til 1. júní 2015, af 1.325.974 kr. frá þeim degi til 1. júlí 2015, af 1.921.925 kr. frá þeim degi til 1. ágúst 2015 og loks af 1.955.996 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.136.538 kr. í málskostnað.